

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum háskólaráðs. Skal það sjá um, að fé hans sé jafnan ávaxtað sem tryggilegast, og gera árlega reikning hans. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður með sama hætti og reikningar annarra sjóða háskólans og birtur í Árbók háskólans.

51

24. marz

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Arður allur af eignum sjóðsins skal lagður við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 25000.00.

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð upphæð þeirri, sem greinir í 4. gr., má árlega veita úr honum sem svarar $\frac{4}{5}$ hlutum tekna sjóðsins undanfarin ár. Skal fé því, er til úthlutunar kemur, varið til námsstyrkja handa efnilegum stúdentum við Háskóla Íslands, og skulu ættmenn Benedikts Sveinssonar ganga fyrir um styrkveitingar úr sjóðnum, en að þeim frágengnum stúdentar úr Skaftafellssýslum.

Þann hluta arðs af eignum sjóðsins, er eigi gengur til styrkveitinga, skal leggja við höfuðstól hans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og prenta hana í Árbók háskólans.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953. 52 24. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. juris Einars Arnórssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður dr. juris Einars Arnórssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 20 000 kr. gjöf dr. juris Einars Arnórssonar, gefin á 40 ára afmæli Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og lýtur stjórn háskólaráðs, er sjá skal um að eignir sjóðsins séu jafnan varðveittar tryggilega og ávaxtaðar með sem hagkvæmustum hætti. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók háskólans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal jafnan leggja við hann fimmtung árstekna hans. Fjórum fimmtungum teknanna má verja til verðlauna kandidötum fyrir afburða vel leyst skrifleg verkefni við próf í lagadeild, islenzkum fræðum eða islenzkri kirkjusögu.

5. gr.

Telji kennarar og prófdómendur í einhverri þeirri prófgrein, sem getur í 4. gr., kandidat hafa leyst skriflegt prófverkefni svo vel af hendi, að hann sé maklegur

52 þess að hljóta verðlaun úr sjóðnum fyrir úrlausn sína, skulu þeir senda háskólaráði
24. marz tillögu sína um verðlaun honum til handa og veitir háskólaráð þá verðlaunin samkvæmt tillögu þeirra.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

53 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigurðar
24. marz Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur í Hábae í Rangárvallasýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigurðar Ólafssonar og Sesselju Ólafsdóttur
í Hábae í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag nokkurra gesta við gullbrúðkaup þeirra 27. júní 1946 og er að upphæð 2400 — tvö þúsund og fjögur höndruð — krónur, sem ávaxtast á í Söfnunarsjóði Íslands.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn ásamt öðrum þeim tekjum, sem sjóðnum kunna að hlotnast, þar til sjóðurinn er orðinn að upphæð 30000 — þrjátíu þúsund — krónur. Þá skal verja þrem fjórðu hlutum vaxtanna samkvæmt 3. gr., en einn fjórði leggist við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn nemur 40000 — fjörutíu þúsund — krónum. Úr því má verja öllum vöxtum til styrkveitinga samkv. 3. gr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega unga menn og konur í Djúpárhreppi, sem stunda vilja bóklegt og verklegt búnaðar- og húsmæðranám, þó gangi þeir að öllu jöfnu fyrir, sem stunda nám við slíkar skólastofnanir í Rangárvallasýslu. Styrkurinn veitist 1 pilti og 1 stúlku tvö ár í röð.

4. gr.

Verði hin ákveðna upphæð samkv. 2. gr. ekki greidd úr sjóðnum vegna þess að enginn sótti samkvæmt fyrirætlum 3. gr., má verja hinni áskildu fjárhæð ársins til styrktar fátækum fjölskyldum innan Djúpárhrepps, þeim er orðið hafa fyrir tilfinnanlegu heilsutjóni og þar af leiðandi kostnaði og atvinnumissi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og eru hreppstjóri og oddviti Djúpárhrepps sjálfkjörnir í hana; hinn þriðji skal tilnefndur af ofan nefndum á þriggja ára fresti. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundum Rangárvallasýslu og hefur sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar.